

CBD ehf.
Kirkjustétt 5
113 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2020
UST202002-064/E.O.
07.10.02

Eftirlit í kjölfar ábendingar um snyrtivörur sem innihalda CBD.

Umhverfisstofnun barst ábending um að eftifarandi vörur uppfylli mögulega ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur.

Vara	Strikamerki
Atomos CBD krem	5 694230 430034
Atomos CBD Serum	5 694230 439041
Atomos CBD Nott -Næturkrem við bólum	5 694230 439065
Atomos CBD Dagur - Dagkrem við bólum	5 694230 439058
Atomos CBD Húðolía - 25%	5 694230 439027
Atomos CBD Húðolía - 15%	5 694230 439010
Atomos CBD Húðolía - 5%	5 694230 439003

Við eftirlit til fyrirtækisins að Kirkjustétt 5, þann 7. febrúar sl. og athuganir í framhaldinu kom í ljós að vörurnar uppfylltu ekki alfarið skilyrði reglugerðar hvað varðar merkingar.

Sjá má nánar um eftirlitið í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir CBD ehf. frest til 13. mars nk. til að senda stofnuninni uppfærðar merkingar á vörunum sbr. eftirlitsskýrslu og í samræmi við reglugerð nr. 577/2013, á þann hátt að þær standist kröfur reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

Úrbætur (próförk að merkimiða) sem sýna lagfærðar merkingar skulu sendar stofnuninni merktar málsnúmerinu UST202002-064. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Umhverfisstofnun veitir CBD ehf. hér með frest til 13. mars nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta ásamt meðfylgjandi eftirlitsskýrslu verða birt á vefsetri stofnunarinnar þann 28. febrúar nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 28. febrúar nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessar tilteknu vörur gæti mögulega verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu sem ekki standast kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um snyrtivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar:
<https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>


Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Einars Oddssonar, til að fá nánari upplýsingar eða í gegnum netfangið; einar.oddsson@ust.is,

Virðingarfyllst,



Einar Oddsson

Sérfræðingur



Björn Gunnlaugsson

Teymisstjóri